



Árnesi 18. desember 2023

Málsnúmer: M202312-0113

Umsögn um endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar - drög að tillögum verkefnastjórnar. Mál nr. 254/2023.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vill þakka fyrir tækifærið til að koma fram athugasemdum við drög að tillögum um mat og flokkun á virkjunarkostunum Héraðsvötn, Skrokkölduvirkjun, Kjalölduveitu, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun.

Í greinargerð faghóps 3 um virkjanir í neðri hluta Þjórsár er farið yfir nokkur álitamál um áhrif virkjana og virkjanaframkvæmda á nærsamfélagið. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vill koma því skýrt á framfæri að ef nærsamfélag virkjananna hefði sanngjarnan efnahagslegan ávinning af núverandi rekstri þeirra á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu þá væru þau með allt öðrum hætti í dag. Frá stofnun Landsvirkjunar hefur u.þ.b. 35% af allri raforkuframleiðslu Landsvirkjunar farið fram í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Það helgast að megninu til af því að Búrfellsvirkjun er staðsett í sveitarfélaginu og var fyrsta stóra vatnsaflsvirkjunin á Íslandi. Búrfellsvirkjun hóf að framleiða rafmagn árið 1969. Sultartangastöð var önnur stóra vatnsaflsvirkjunin í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og var hún gangsett árið 1999. Tvær vindmyllur voru gangsettar árið 2013 á Hafinu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og markar það upphafið af vindorkuframleiðslu Landsvirkjunar. Búrfellsvirkjun II var þriðja stóra vatnsaflsvirkjunin í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og var hún gangsett árið 2018. Samanlagt uppsett afl virkjananna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er því um 500 MW. Núverandi raforkuframleiðsla í sveitarfélaginu dugar því meira en öllum heimilum og fyrirtækjum á Íslandi, að undanskildri stóriðjunni.

Í ljósi gríðarlegra verðmæta sem raforkuframleiðslan í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur skapað fyrir þjóðarbúið þá mætti ætla að þar hefði byggst upp fjöldi starfa og orðið til öflugt samfélag sem byggir á verðmætasköpun. Slíkt er þó ekki raunin sökum þess hvernig uppbyggingu raforkuframleiðslu á Íslandi hefur verið háttáð sem og þeirri lagalegu umgjörð sem er um framleiðslu, flutning, dreifingu og sölu á rafmagni. Uppbygging virkjana og flutningsmannvirkja kallar á gríðarlegt inngríp í náttúruna og nærsamfélagið. Ekki er hægt að nýta landsvæði sem fer undir virkjanir eða flutningslínur undir aðra starfsemi. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi liggja um 5% af öllum háspennulínunum á Íslandi. Staðreyndir sem koma fram í þessari umsögn sýna fram á það að beint fjárhagslegt tap er af starfseminni og eru því samfélagsleg áhrif orkuvinnslu gríðarlega neikvæð.

Sveitarfélögum á Íslandi eru markaðir þrjár tekjustofnar samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, þ.e. útsvar, fasteignaskattur og úthlutuð framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Mikilvægt er að fjalla um þessa þrjá tekjustofna og sýna fram á hvernig núverandi lagaumgjörð orsakar beint fjárhagslegt tjón fyrir þau sveitarfélög sem hafa orkumannvirki. Mjög fá störf skila sér í nærumhverfið og öll orkumannvirki eru undanþegin fasteignasköttum, nema



stöðvarhúsin. Það þýðir að ávinningurinn er mjög takmarkaður, eða eins og í tilfalli Skeiða- og Gnúpverjahrepps, beint fjárhagslegt tap.

Útsvar

Útsvar er veigamesti tekjustofn sveitarfélaganna og stóð undir 69% af lögboðnum skatttekjum þeirra á Íslandi árið 2022.

Við uppbyggingu samfélaga skiptir einna mestu máli að hún skili staðbundnum störfum því þau skila mestum ávinningi í nærsamfélagið og skapa mestu tekjurnar fyrir sveitarfélög. Tekjur af útsvari stuðla að því að samfélög byggjast upp. Uppbygging raforkuframleiðslu á Íslandi hefur verið á þann veg að þungi allra starfa er á höfuðborgarsvæðinu, þá sérstaklega verðmætustu störf. Þar eru höfuðstöðvar allra ríkisfyrirtækjanna, Landsvirkjunar, Landsnets og Rarík. Sökum þess verður megnið af afleiddum störfunum á höfuðborgarsvæðinu og hlaupa þau á hundruðum.

Rafmagn er framleitt á landsbyggðinni. Flutningskerfi raforku í háspennulínunum eru um 3.350 km að lengd og eru að langstærstum hluta til á landsbyggðinni. Rarík sér um dreifikerfi rafmagns á stórum hluta landsbyggðarinnar en rekur ekkert dreifikerfi á höfuðborgarsvæðinu. Hjá Landsvirkjun, Landsneti og Rarík starfa samtals um 700 manns og afleidd störf hlaupa á hundruðum. Gera má ráð fyrir að fjöldi starfa, bein og afleidd störf séu því á annað þúsund. Starfsemi þessara þriggja stærstu orkufyrirtækja landsins, sem eru í eigu þjóðarinnar, er öll á landsbyggðinni. Þrátt fyrir það eru höfuðstöðvar allra fyrirtækjanna á höfuðborgarsvæðinu og hefur stærsti hluti starfanna verði byggður upp þar. Þann 16. ágúst 2023 bókaði sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps áskorun til ríkisstjórnarinnar, stjórnar Landsvirkjunar, stjórnar Landsnets og stjórnar Rarík og hvatti þau til að hefja stefnumótun þar sem höfuðstöðvar orkufyrirtækjanna í eigu ríkisins verði í nærumhverfi orkuvinnslunnar.

Þann 25. ágúst barst svar frá stjórn Rarík. Þrátt fyrir að meirihluti starfsmanna Rarík starfi á landsbyggðinni við að reka og viðhalda dreifikerfinu, telur stjórn Rarík að flutningur á starfsemi skrifstofu frá Reykjavík myndi hafa neikvæð áhrif á starfsemina og þjónustuna við viðskiptavinum Rarík.

30. október 2023 barst svar frá stjórn Landsnets. Það er mat stjórnar Landsnets að flutningur höfuðstöðva frá Reykjavík gæti haft neikvæð áhrif á starfsemi fyrirtækisins og orkuöryggi ásamt því að skerða þjónustu við núverandi og væntanlega viðskiptavinum.

Ekki hafa enn borist svör frá stjórn Landsvirkjunar og ekki hefur ríkisstjórnin aðhafst í málinu sem eigandi fyrirtækjanna allra.

Ljóst er að það er ekki vilji orkufyrirtækjanna til að færa höfuðstöðvarnar til nærumhverfis orkuvinnslunnar, þar sem öll þeirra starfsemi og verðmætasköpun fer fram. Sú staðreynd staðfestir að stærsti hluti útsvarstekna sem verður til við orkuvinnslu á Íslandi mun ekki renna til nærumhverfisins í náinni framtíð.

Ef höfuðstöðvar Landsvirkjunar, Landsnets og Rarík hefðu í upphafi verið byggðar upp á landsbyggðinni þá hefðu byggst upp öflug starfsemi og samfélög í nærumhverfi orkuvinnslunnar og efnahagslegur ávinningur þess hefði orðið gríðarlegur síðustu áratugin.



Staðreyndirnar sýna að ávinningur nærsamfélagsins af orkuvinnslu er mjög takmarkaður og allur efnahagslegur ávinningur kemur fram þar sem orkan er notuð.

Fasteignaskattar

Fasteignaskattar stóðu undir um 15% af lögboðnum skatttekjum sveitarfélaganna árið 2022.

Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 5/1995 kemur fram í 3. gr. að leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári samkvæmt fasteignaskrá.

Samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 kemur fram í 3. gr. að fasteign samkvæmt lögum þessum er afmarkaður hluti lands, ásamt lífrænum og ólífrænum hlutum þess, réttindum sem því fylgja og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt. Samkvæmt lögnum er því alveg skýrt að öll orkumannvirki, stíflur, aðrennslisgöng, frárennslisskurðir, spennistöðvar, lokumannvirki, fallgöng, stöðvarhús og öll önnur mannvirki sem þarf til að byggja og starfrækja virkjun flokkast sem fasteign.

Samkvæmt 26. gr. laganna um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 eru tilteknar eignir sem eru undanþegnar fasteignamati. Í 3. tölulið kemur fram að rafveitur, þar á meðal línur til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum skuli vera undanþegin fasteignamati. Meta skal eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir aflstöðvar og spennistöðvar, og þær löðir er þau standa á. Undanþágan hefur leitt til þess að orkumannvirki eru ekki metin til fasteignamats, einungis stöðvarhús virkjana. Öll orkumannvirki hafa því verið undanþegin lögboðnum tekjustofni sveitarfélaga frá 1963. Sú undanþága var sett í lög til þess að byggja upp raforkukerfið sem við þekkjum á Íslandi í dag. Forsenda undanþágunnar var að orkuvinnsla skilaði ekki arði heldur væri þjóðhagslega mikilvægur innviður. Árið 2003 var rafkulögum breytt og framleiðsla og sala á raforku var gerð að samkeppnismarkaði. Sett var arðsemiskrafa á framleiðslu og sölu á orku. Frá þeim tímapunkti voru því forsendur undanþágunnar frá fasteignamati brostnar.

Árið 2016 skipaði Innanríkisráðuneytið starfshóp sem fékk það hlutverk að vinna að endurskoðun á ákvæðum laga um skattlagningu á mannvirki sem eru byggð í þeim tilgangi að framleiða eða flytja raforku. Hópnum var ætlað að varpa heildstæðu ljósi á skattlagningu orkumannvirkja og á grundvelli þeirrar vinnu væri hægt að taka afstöðu til þeirra álitamála sem hún varpaði á. Starfshópurinn fékk Þjóðskrá Íslands til að meta virði orkumannvirkja á Íslandi og var niðurstaða sú að verðmæti orkumannvirkja á Íslandi væru 973 milljarðar á verðlagi þess tíma. Af þeirri upphæð voru stöðvarhús 43 milljarðar eða innan við 5% af heildarverðmæti orkumannvirkja, en stöðvarhúsin eru einu mannvirkin sem bera fasteignamat og greitt eru af fasteignaskattar til sveitarfélaga.

Við lok vinnu starfshópsins var afstaða fjármálaráðuneytisins skýr, að um öll orkumannvirki skuli gilda sama skattskylda og um önnur mannvirki, þ.e. að þær einstöku tegundir fasteigna sem ekki eru háðar fasteignamati í dag ættu ekki að geta komist undan því að greiða fasteignaskatt. Mikil andstaða kom frá Samorku gegn breytingum, þar sem Landsvirkjun hefur mest vægi, og má draga þá ályktun að það hafi komið í veg fyrir breytingar á skattaumhverfinu á þeim tíma. Þá skal hafa í huga að fjármálaráðuneytið fer með hlutabréfaeign ríkisins í



Landsvirkjun og það var skýr afstaða eigenda Landsvirkjunar að fella niður undanþágur frá fasteignagjöldum.


Starfshópurinn skilaði engri niðurstöðu og engar breytingar voru gerðar á skattaumhverfi orkuvinnslu á þessum tíma þrátt fyrir skýra afstöðu fjármálaráðuneytisins um að sama skattskylda skuli gilda um orkumannvirki eins og um öll önnur mannvirki.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga stóð undir um 16% af lögboðnum skatttekjum sveitarfélaga árið 2022.

Jöfnunarsjóður gegnir mikilvægu hlutverki fyrir minni sveitarfélög á landsbyggðinni til þess að halda úti lögbundinni þjónustu í dreifbýli. Greiðslur úr jöfnunarsjóði eru reiknaðar út frá meðaltekjum á hvern íbúa í þeim stærðarflokki sem sveitarfélögin tilheyrja.

Árið 2022 greiddi Landsvirkjun rúmlega 241 milljón í fasteignagjöld til Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna stöðvarhúsa þeirra virkjana sem eru í sveitarfélaginu, ásamt öðrum húsum á starfsstöð í Búrfelli. Þar sem takmörkuð störf fylgja í nærumhverfi orkuvinnslu, þá eru einungis 7 íbúar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi að störfum hjá Landsvirkjun, Landsneti og Rarik. Það þýðir að fasteignagjöldin af stöðvarhúsunum hækka meðaltekjur íbúa í sveitarfélaginu sem veldur miklum skerðingum frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga. KPGM greindi hver fjárhagsleg áhrif Landsvirkjunar á Skeiða- og Gnúpverjahrepp væru og má sjá skýrt á meðfylgjandi súluriti hversu neikvæð áhrifin geta orðið á fjárhag sveitarfélagsins.



Myndin sýnir samspil tekna Skeiða- og Gnúpverjahrepps af tekjum af fasteignasköttum og framlögum jöfnunarsjóðs á árinu 2022. Lengst til vinstri er staðan eins og hún var árið 2022 og súlan lengst til vinstri inniheldur 100% af þeim fasteignagjöldum sem Landsvirkjun greiddi árið



2022, samtals 241 milljón. Súlan lengst til hægri sýnir samspil tekna miðað við það að Landsvirkjun hefði enga starfsemi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og greiddi þar af leiðandi enga skatta til Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Súlurnar á milli, frá 10% upp í 90% sýna svo hvernig samspil jöfnunarsjóðs breytist með auknum tekjum af fasteignaskatti frá Landsvirkjun. Ef súlurnar eru undir rauðu línunni, þá er beint fjárhagslegt tap af starfsemi Landsvirkjunar. Græna línan efst í myndinni sýnir hvert hlutfall meðaltekna sveitarfélagsins er miðað við önnur sveitarfélög í sama stærðarflokki. Útgjaldaframlag jöfnunarsjóðs byrjar að skerðast ef meðaltekjur fara yfir 4% af meðaltekjum sveitarfélaga í sama stærðarflokki og falla út að fullu þegar meðaltekjur fara yfir 23%. Ef meðaltekjur af fasteignagjöldum og útsvari fer yfir 50% af meðaltekjum sveitarfélaga í sama stærðarflokki, þá falla niður öll framlög jöfnunarsjóðs. Eins og sjá má á útreikningum KPMG eru tekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps af fasteignaskatti og framlögum jöfnunarsjóðs miðað við það að Landsvirkjun greiði engin fasteignagjöld 362 milljónir. Við það að rjúfa 50% skerðingarmarkið, þá falla allar greiðslur jöfnunarsjóðs niður (þær sem eru í rauða kassanum á 100% súlunni lengst til vinstri á myndinni) og tekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps af fasteignagjöldum og jöfnunarsjóði verða samtals 329 milljónir. Beint fjárhagslegt tap sveitarfélagsins er því 33 milljónir. Því til viðbótar er Skeiða- og Gnúpverjahreppur aðili að Brunavörnum Árnesinga og greiðir til reksturs þeirra í samræmi við brunabótamat fasteigna í sveitarfélaginu. Stöðvarhús virkjana Landsvirkjunar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru 43% af brunabótamati allra eigna í sveitarfélaginu. Það leiðir til þess að beinn kostnaður sveitarfélagsins við brunavarnir virkjana á árinu 2022 var um 10 milljónir.

Beint fjárhagslegt tap Skeiða- og Gnúpverjahrepps af starfsemi Landsvirkjunar á árinu 2022 getur því verið allt að 43 milljónir króna samkvæmt útreikningum KPMG. Nokkuð ljóst er að uppsafnaður kostnaður samfélagsins í Skeiða- og Gnúpverjahreppi síðustu áratugi hleypur því á milljörðum enda hefur ekki átt sér stað nein raunveruleg uppbygging innviða í sveitarfélaginu um áratuga skeið.

Sveitarstjórnarlög

Samkvæmt 2. mgr. 7.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138 frá 2011 skulu sveitarfélög vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. sömu laga skal sveitarstjórn sjá um að lögbundnar skyldur séu rættar og hafa eftirlit með því að viðeigandi reglum sé fylgt í störfum sveitarfélagsins. Í 2. mgr. 24. gr. kemur fram að sveitarstjórnarmönnum beri að gegna starfi sínu af alúð og samviskusemi. Sveitarstjórnarmönnum beri í hvívetna að gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins sem og öðrum almannahagsmunum. Í VII. kafla laganna eru ítarleg ákvæði um fjármál sveitarfélaga. Í 1. mgr. 64. gr. kemur m.a. fram að sveitarstjórn beri að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Í 1. mgr. 65. gr. kemur fram að sveitarstjórn skuli gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins m.a. við varðveislu þeirra.

Stjórnsýsla sveitarfélaga er lögbundin. Af því leiðir að þegar kemur að afgreiðslu leyfa ber sveitarfélaginu að fara að lögum við afgreiðslu slíkrar umsóknar. Niðurstaða sveitarfélagsins verður að byggja á lögmætum og málefnalegum sjónarmiðum. Mörg mismunandi sjónarmið



kunna að koma til skoðunar við afgreiðslu hvers máls sem sveitarfélaginu ber að líta til og veða og meta hverju sinni.

Eitt þeirra sjónarmiða sem til skoðunar hlýtur að koma er hvaða áhrif viðkomandi leyfisveiting hefur á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. t.d. umfjöllun að framan um ákvæði sveitarstjórnarlaga um fjármál sveitarfélaga. Sveitarstjórnarmönnum ber að gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins þó þeim beri einnig að horfa til almannahagsmuna sbr. 2. mgr. 24. gr. Vega og meta verður greinda hagsmuni með hliðsjón af aðstæðum í hverju tilviki. Áhrif á fjárhag sveitarfélagsins og þar með velferð íbúanna hlýtur alltaf að veða þungt.

Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (Rammaáætlun)

Með setningu laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 var skipulagsvaldið tekið af sveitarfélögum er tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða uppsett varmaafli 50 MW eða meira. Í 7. gr. laganna kemur fram að verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana. Sveitarstjórnir skulu samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og orkunýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar, sbr. þó 2. mgr. Einnig kemur fram í 7. gr. laganna að sveitarstjórnnum er heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun í allt að tíu ár og skal tilkynna slíka ákvörðun til Skipulagsstofnunar innan árs frá samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlunar. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki. Að fresti liðnum skal skipulag viðkomandi svæðis samræmt þágildandi verndar- og orkunýtingaráætlun. Sveitarstjórn getur þó óskað eftir heimild Skipulagsstofnunar til þess að fresta að hámarki til þriggja ára í viðbót ákvörðun um landnotkun enda séu fyrir því gildar ástæður.

Þann 8. júní 2023 nýtti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þá heimild í 7. gr. laganna um að fara fram á frestun Búrfellslundar. Sú heimild hefur aldrei áður verið nýtt og lágu fyrir því þrjár megin ástæður:

Lagaleg umgjörð um vindorku á Íslandi hefur ekki verið sett og á meðan svo er telur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps ekki tímabært að sveitarfélög afgreiði tillögur til breytinga á aðal- og deiliskipulagi vegna vindorkugarða, sem geta takmarkað möguleika sveitarfélaganna til annarrar atvinnuuppbyggingar.

Til þess að hægt verði að breyta aðal- og deiliskipulagi sveitarfélaga, vegna frekari orkuvinnslu, þarf að tryggja með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína njóti efnahagslegs ávinnings af hagnýtingu hennar. Það mun styrkja byggð um land allt þar sem orkan verður til.

Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifkostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

Að fara fram á frestun á innleiðingu Búrfellslundar í skipulag var neyðaraðgerð til þess að tryggja að orkuvinnsla í sveitarfélaginu valdi ekki frekara fjárhagslegu tjóni fyrir sveitarfélagið eins og gerist í núverandi lagaumgjörð.



Niðurlag

Þegar mat er lagt á samfélagsleg áhrif virkjana er mikilvægt að vinna með tölfræðilegar staðreyndir. Hefðu allir viðmælendur faghóps 3 fengið ofangreindar upplýsingar sem byggjast á tölulegum staðreyndum er nokkuð ljóst að niðurstöður faghóps 3 hefðu verið allt aðrar og neikvæðari. Í áratugi hefur skattaleg umgjörð orkuvinnslu verið ósamngjörn fyrir nærsamfélagið og ekki verður unað við lengur. Starfsemi Landsvirkjunar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur á síðustu áratugum valdið gríðarlegum deilum í samfélaginu og verið mikill álagsvaldur á starf sveitarstjórnar og samfélagsins í heild.

Bygging Hvammsvirkjunar, Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar í neðri hluta Þjórsár skilar uppsettu afli upp á 292MW. Slík orka myndi duga fyrir fleiri en 250.000 heimili. Tekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps í núverandi skattaumgjörð eru engar af öllum virkjununum og fjöldi beinna starfa á svæðinu í heild að hámarki 12 samkvæmt greiningu faghóps 3. Samfélagsleg sátt í nærumhverfi orkuvinnslu á Íslandi er einungis hægt að ná fram með því að samfélagið njóti efnahagslegs ávinnings og að undanþágur orkufyrirtækja frá lögboðnum tekjustofnum sveitarfélaga verði felldar úr gildi.

Meirihluti sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er hlynntur áframhaldandi uppbyggingu orkuvinnslu í sveitarfélaginu. Það sýndi sveitarstjórn í verki með því að gefa út framkvæmdaleyfi til byggingar Hvammsvirkjunar þann 14. júní 2023 þrátt fyrir að Hvammsvirkjun skili engum beinum tekjum til sveitarfélagsins í núverandi laga- og skattaumgjörð. Ríkisstjórnin og þingmenn Alþingis þurfa að gera sér grein fyrir því að ekki verður unnt að halda áfram uppbyggingu frekari orkuvinnslu í núverandi skattaumhverfi og treystir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps á það að boðaðar breytingar í skattlagningu orkuvinnslu verði til þess að skapa sátt við nærumhverfi orkuvinnslu í framtíðinni. Samstarf ríkis og sveitarfélaga um aukna græna orkuvinnslu mun leggja grunninn að fullum orkuskiptum og efnahagslegu sjálfstæði Íslands í orkumálum til framtíðar.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson

Oddviti og sveitarstjóri

Undirritunarsíða

Haraldur Þór Jónsson